

Mál nr. 342/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis

Skráningarnúmer ökutækis (X)

ENDURUPPTAKA MÁLS.

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23. október 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 22. nóvember 2022, ásamt skýrslu Aðstoðar&Öryggis, dags. 3. febrúar 2022.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 22. nóvember 2022.
4. Tölvupóstur starfsmanns nefndarinnar til lögmanns M, dags. 22. nóvember 2022.
5. Úrskurður nefndarinnar 20. desember 2022.
6. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 20. desember 2022.
7. Bréf lögmanns M, dags. 1. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum, afrit sjúkraskrár 3.2.-29.4.2022, vottorð sjúkraþjálfara dags. 1.12.2022, læknisvottorð heilsugæslulæknis, dags. 3. janúar 2023.
8. Tölvupóstur nefndarinnar til V, dags. 3. febrúar 2022 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Með fyrri úrskurði í þessu máli dags. 20. desember 2022 kom í ljós að mistök voru gerð við skjallega meðferð málsins af hálfu nefndarinnar, þar sem frestur sem lögmaður M hafði fengið til frekari gagnaöflunar með tölvupósti dags. 22. nóvember 2022 var ekki virtur. Málið var því lagt of snemma fyrir nefndina, þ.e. áður en sá frestur sem lögmaður M hafði fengið rann út. Réttilega gerði lögmaður M samdægurs athugasemdir við afgreiðslu málsins eftir að úrskurður nefndarinnar dags. 20. desember 2022 lá fyrir í ljósi þessa og nefndin ákvað að taka málið upp á ný með tilliti til þess gagnaöflunarfrests sem áður hafði verið veittur. Frekari gögn bárust frá lögmanni M hinn 1. febrúar sl. og var V upplýst um þau gögn með tölvupósti dags. 3. febrúar sl. Engar athugasemdir bárust frá V vegna málsins og er það því hér aftur tekið til úrskurðar með tilliti til umræddra gagna.

Málsatvik eru þau að árekstur varð með bifreið sem M ók og bifreiðinni X þegar bifreið X var ekið utan í bifreið M hinn 3. febrúar 2022. M bar um verki í hálsi og baki á vettvangi áreksturs. M tilkynnti um líkamstjón til V hinn 13. júní 2022. Einnig kemur fram í gögnum málsins að M hafi leitað á heilsugæslu sama dag árekstur varð, þar sem hún var greind með tognun á á háls-, brjóst- og lendarhrygg og fékk vottorð vegna óvinnufærni í fjóra daga. Hún kom aftur á heilsugæslu hinn 18. febrúar 2022 með sömu einkenni. Þá fékk hún beiðni í sjúkraþjálfun og í vottorði sjúkraþjálfara sem nú liggur fyrir í málinu dags. 1. desember 2022 kemur fram að M hafi sótt 12 skipti í meðferð og gerð grein fyrir meðferðaraðferðum. Í vottorði heilsugæslulæknis dags. 3. janúar 2023 er gerð grein fyrir komum M á heilsugæslu og meðferð sem og því að ekki sé minnst á stoðkerfi í sjúkraskrá M, sem er tiltæk frá því í mars 2020. Í gögnum málsins er einnig PC-crash skýrsla dags. 2. maí (2022) þar sem áætlaður hraði er reiknaður út sem og höggkraftur við áreksturinn.

M telur að sannað sé að orsakatengsl séu milli árekstursins 3. febrúar 2022 og líkamstjóns hennar, hún vísar til tveggja læknisheimsóknna sem og að hún hafi hafið sjúkraþjálfunarmedferð stuttu eftir áreksturinn. M telur að PC-crash skýrsla sem liggur fyrir í málinu hafi ekki sönnunargildi þar sem V hafi aflað hennar einhliða auk þess sem hún sýni ekki með óyggjandi hætti hvort líkamstjón geti orðið við árekstur. Einnig vísar V til þess að hún hafi verið líkamlega og andlega heilsuhraust fyrir áreksturinn og megi því rekja hennar einkenni í dag til hans.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur högg af árekstrinum 3. febrúar 2022 hafa verið mjög vægt og það komi fram bæði í tjónstilkynningu og PC-Crash skýrslu dags. 2. maí 2022. V telur lýsingar M ýktar við komu hennar til læknis á slysdagi og 10 dögum síðar en bendir einnig á að M geti ekki sýnt fram á frekari læknisfræðileg gögn. V gerði ekki sérstakar athugasemdir við viðbótargögn frá M sem send voru til V með tölvupósti dags. 3. febrúar 2023.

Álit.

Líkamstjón af völdum skráningarskyldra ökutækja bætast samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Almennt ber tjónþoli sönnunarbyrði um að hann hafi orðið fyrir tjóni sem og hvert umfang slíks tjóns er.

Í þessu máli er staðfest í gögnum málsins að M hefur tvisvar leitað til læknis vegna afleiðinga áreksturs 3. febrúar 2022, fyrst samdægurs og síðan 18. febrúar 2022. Eftir það sótti M sjúkraþjálfunarmeðferð vegna einkenna sem greindust í fyrrgreindum læknisheimsóknum, auk þess liggur nú fyrir að M hafi verið óvinnufær eftir áreksturinn í fjóra daga. Þó ekki liggi fyrir, t.d. með mati sérfræðings að einkenni M séu sértæk vegna áverka við högg eins og árekstur, verður ekki litið framhjá því að M leitaði strax til læknis eftir árekstur vegna einkenna sem leiddu til óvinnufærni. Sömu einkenni voru til staðar um hálfum mánuði síðar og hefur M sótt sjúkraþjálfunarmeðferð vegna þeirra einkenna, auk þess sem gögn sýna ekki að afleiðingar annarra áverka eða líkamsástands geti haft áhrif á mat á orsakatengslum.

Við þessar aðstæður verður að telja að gögn málsins styðji það að einhverjar líkur séu á því að einkenni sem M býr við í dag megi rekja til árekstursins þó ekki liggi fyrir hver fjárhæð þess geti orðið eða hvort eingöngu sé um tímabundið tjón að ræða. Er það hlutverk hæfra og óvilhallra matsmanna að skera úr um læknisfræðileg orsakatengsl milli áreksturs og einkenna tjónþola. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu telst M því eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A vegna afleiðinga áreksturs 3. febrúar 2022, að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón með matsgerð hæfra og óvilhallra matsmanna.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V að því marki sem sýnt verður fram á slíkt tjón.

Reykjavík, 28. febrúar 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir